

## Formáli


Við nemendur í 7. bekk Sjálandsskóla vorum í ljóðapema fyrir jólin 2007. Þar sáu kennararnir að það voru efnileg ljóðskáld í 7. bekk. Þeir geymdu ljóðin og svo fengum við í sameiningu þá frábæru hugmynd að búa til ljóðabók.

Fullt af hugmyndum komu fram og þá varð þessi ljóðabók til! Þessu bók væri þó ekki til nema með hjálp nokkurra foreldra sem í gegnum sín fyrirtæki styrktu okkur. Við þökkum þeim kærlega fyrir það. Kennurunum okkur þökkum við líka fyrir aðstoðina. Við í 7. bekk erum:

Ásdís Rún Ragnarsdóttir  
Ellen Gunnarsdóttir  
Elvar Örn Antonsson  
Guðlaug Dóra Þorsteinsdóttir  
Guðný Ragnhildur Davíðsdóttir  
Helgi Freyr Helgason  
Ingveldur Ella Stefánsdóttir  
Jakob Helgi Bjarnason  
Jóhann Berg  
Karólína Jóhannsdóttir  
Oddný Helga Einarsdóttir  
Óskar Daði Jóhannsson  
Róbert Ingi Olsen  
Silja Líf Einvarðsdóttir  
Vilborg María Carlsdóttir  
Þorri Geir Rúnarsson  
Þórhallur Kári Knútsson

Arngunnur Ýr Magnúsdóttir  
Arnór Kristmundsson  
Aþena Aradóttir  
Árni Freyr Helgason  
Árný Jóhannesdóttir  
Ásdís Halla Einarsdóttir  
Brynja Dagmar Jakobsdóttir  
Brynjar Már Björnsson  
Felix Magnússon  
Haukur Einarsson  
Jón Arnar Barðdal  
Kristrún Guðmundsdóttir  
Linda Björk Sveinbjörnsdóttir  
María Guðlaug Guðmundsdóttir  
Natalía Lind Jóhannsdóttir  
Selma Soffía Guðbrandsdóttir  
Styrkár Þóroddsson  
Sveinn Sigurður Jóhannesson

Arngunnur Ýr Magnúsdóttir




### Sumar

Grasið verður grænt,  
himinninn verður blár.  
Ég vakna því sólin skín  
beint inn til mín.  
Það koma gleði tár  
því nú er komið sumar.

### Vetur

Grasið byrjar að fölna  
það veður svalt  
vegirnir fá salt  
Snjórinn kemur  
við fáum okkur malt  
og svo er orðið kalt.

Árni Freyr Helgason



## Útilegan

Lækurinn rennur  
og fuglarnir syngja.  
Köngulærnar spinna sinn vef  
og vindurinn blæs.  
Rigningin fellur á jörðina okkar  
flugan suðar fyrir utan tjaldið


Brynjar Már Björnsson



### Um vetur

Um vetur gerist margt  
þá getur maður gert næstum allt.  
Nú er vetur, það er kalt,  
ég labba eftir götu og drekk malt.  
Það er kvöld og margt er hér,  
ég er nú alsber.  
Ég labba eftir götu,  
ég segi hæ við gamalt hræ,  
það er dautt og alveg rautt,  
nú er blautt og ég líka.  
Sumarið kemur nú er gaman,  
allir að leika saman.

Elvar Örn Antonsson



## Broskarlahúsið

Broskarlahúsið er glerhús.  
Það brotnaði í því gluggi  
og þar datt einn broskarlagaur  
út og dó.


Arnór Kristmundsson



### Gangur lífsins

Veturinn er kominn  
með frosti og kulda.  
Tréin standa ber.  
Undir snjónum er grasið  
þurrt og líflaust.  
Eftir vetrinum kemur vorið  
með rigningu og súld.  
Laufin koma á tréin  
og grasið grænkar.  
Farfuglarnir koma  
og syngja fallett lag.  
Eftir vorinu kemur sumarið  
með löngum sólríkum dögum.  
Eftir sumarið kemur haustið  
og þá hefjast leiðindin enn á ný.

Linda Björk Sveinbjörnsdóttir




## Hafið

Hafið okkar  
fagurt er það.  
Bárurnar flakka á milli.

Hvar endar það?  
Kannski við sjóndeildarhringinn,  
það veit ég ekki.

Daginn inn og  
daginn út.  
Fiskar synda þar,  
mismunandi á litinn eru þeir  
eins og regnboginn.

María Guðlaug Guðmundsdóttir



### Haustblíðan

Haustið er svo milt og gott.  
Laufblöðin svífa og leggjast á jörðina,  
sem er þakin laufblöðum í öllum litum.  
Ég sé gul, græn og rauð.  
Þegar ég labba í gegnum hrúgurnar  
þyrlast þau upp og svífa í vindinum.  
Þau svífa út á haf og lenda kannski á skeri.

Ætli englarnir á himnum sjái þetta allt.  
Hvernig jörðin skiptir um ham.  
Þegar þeir hoppa á skýjunum rignir hamingju.  
Hamingju sem við fáum að njóta.  
Þegar rigningin dynur á jörðinni,  
hoppa litlu krakkarnir í pollunum og syngja svo blítt.  
Maður brosir nú bara þegar maður sér þetta  
og fer að hlæja.




Jakob Helgi Bjarnason



## Haustið

Haustið hrímkalt er.  
Ár og dagar líða.  
Horfin sumars blítt.  
Síðla sumars byrjar það,  
norðanátt víða.  
Norðanáttin köld er,  
norðaustanáttin snjóar vel.


Guðný Ragnhildur Davíðsdóttir



### Heit sólin

Það er sumar  
sólríkur dagur  
það er heitt,  
ég sé ekki neitt  
ekki neitt nema sand,  
sjóðheitan sand,  
ég sé eitthvað.  
Eitthvað blátt  
Það er vatn,  
ég hrópa.  
„Loksins, loksins fæ ég vatn.“  
Ég geng lengi, lengi  
en ég komst aldrei nær,  
ég var búin að ganga í viku.  
En þá var vatnið horfið,  
það sökk ofaní sandinn.  
En nú, nú er ég að þorna upp.  
Ég er að deyja.


Ingveldur Ella  
Stefánsdóttir



### Árstíðirnar

Vetur kemur,  
haustið fer.  
Élið gluggann lemur,  
trén hér eru orðin ber.  
Sólin sáttasemur.

Karólína Smith



### Jörðin

Rigning fellur,  
sólin skín.  
Haglél skellur og  
vindur hvín.

Vatnið rennur,  
jörðin þurr.  
Bálið brennur,  
fjöllin kjurr.

Eldgos dynja,  
öldur sverfa.  
Klettar hrynja,  
jöklar hverfa...


Sveinn Sigurður Jóhannesson



### Náttúran !

Náttúran er þögul  
Það er smá hreyfing  
skýin geisla, sólin hátt.  
Droparnir detta hátt og lágt  
Vindurinn talar rosa hátt  
skýin eru komin með vindi og sátt  
þegar hæsta tindi er náð  
sé ég mann sem líkist háf  
Náttúran segir: JÁ!

Haukur Einarsson



### Náttúran

Núna er kalt.  
Á morgun verður snjór.  
Tíminn þýtur.  
Tístandi fuglar.  
Úti er sleipt.  
Rauð sól.  
Aldrei heitt.  
Næturgól.


## Róbert Ingi Olsen

### Rím grín ljóð

Ég er lús,  
og á mér hús,  
og er föst í krús.  
Hérna er kalt,  
ég drekk malt,  
í sjónum er salt.  
Þarna er él,  
mér líður vel.  
Ég sem ljóð,  
mamma er óð.  
Ég skrifa,  
klukkan tifar.  
Strokleðrið mitt er hvítt,  
hér er hlýtt,  
og pilsíð er sítt.  
Ég sem kvæði,  
það er algjört æði.  
Ég sem rím,  
og horfi á Sýn,  
fæ mér lím,  
og geri grín.  
Þarna er svín,  
sem drekkur vín,  
og er fast í vír  
eins og kýr,  
sem er hýr.

Hérna er kú,  
sem er bú,  
og drakk mjólk  
og át fólk.  
Hann er að ljúga,  
eins og lítið bjúga.  
Þarna er geit,  
sem er pínu feit.  
Hérna er krani,  
sem reigir sig,  
eins og hani.  
Hún er grönn,  
eins og tönn.  
Mennirnir kvarta,  
amma er varta  
og fer að narta.  
Hann hringdi í síma,  
eins og frussulína hin fína,  
Og fór að sýna,  
Að hann var að grína  
Fór svo að tína  
Eins og Nína.  
Hérna er mús,  
sem átti hús,  
var veidd í krús  
og át sína lús.  
  
Það var ég!

Jón Arnar Barðdal




Hvaða Siggi ?

Horið lekur af nösum.  
Fætur hans titra,  
jafnvel vindurinn  
er byrjaður að tala við hann.  
Skýin eru byrjuð að brosa í loftið.




Silja Líf Einvarðsdóttir



Sumar

Sólargeislinn skín um allt  
yfir fjöll og dali þúsundfalt  
yfir berjamó og lyng milljónfalt  
yfir gras og læki skrilljónfalt.


Oddný Helga Einarsdóttir



Sjón

Ég stend úti  
horfi á blómin,  
þau horfa á trén  
trén horfa á sólina  
hún horfir á fjöllin  
fjöllin horfa á heiminn  
og heimurinn brosir til mín.


Óskar Daði Jóhannsson



Sjór

Sjór í fjöru og flóði  
streymir inn og aftur út;  
Það gerir sjórinn allan daginn.  
Til hvers?  
Já, til hvers?

Ellen Gunnarsdóttir




### Skipið

Ég sigli á skipi út á haf  
ekki get ég farið á kaf  
ég sigli áfram,  
áfram á leið  
fiskinn ég veiði og  
búrið er fullt,  
fullt af fiski,  
sem ég veiddi sjálf.

Allt í einu  
sekkur skipið  
skipið mitt  
það fer á kaf  
undir sjóinn  
ég stefni nú og  
sé þar fiska,  
stóra og smáa fiska sé,  
dýpra, dýpra...  
í djúpið ég fer.


Felix Magnússon



## Slangan

Ég sá bláa feita slöngu.  
Ég heyri hænurnar gagga.  
Ég finn að það er kalt úti.  
Ég vil fara inn.


Vilborg Maria Carlsdóttir



## Snjór

Snjór, fönn, mjöll,  
lögunin svo snjöll,  
fellur af himnum ofan,  
ofan á litla fjallakofann,  
hægt að renna sér niður  
á skíðum, það er siður.


Guðlaug Dóra Þorsteinsdóttir



## Sólin

Sólin gyllir sjóinn  
og vindurinn fýkur.  
Rigningu lýkur  
og snjórinn kemur brátt.

# Aþena Aradóttir




## Sumarið

Sumarið kemur í dag;  
ég syng fallett lag.  
Ég er svo glöð  
og þessi laufblöð  
gleðjast því meira og meira.




Ásdís Rún Ragnarsdóttir



## Sumarið

Sumarið kemur og blómin vakna,  
einskins er að sakna.  
Grasið grænkar, sólin skín,  
hamingjan og brosin þín.

Brynja Dagmar Jakobsdóttir



## Sumarið

Nú ertu komið  
sumarið kæra,  
þetta er eina frábæra  
sólin skæra.

Hún skín,  
vindurinn hvín  
nú ertu komið,  
komið til mín.

Þorri Geir Rúnarsson




Sveit – geit

Ég labbaði út í  
sveit  
sá þar gamla geit  
og hún var á  
mikilli beit  
því hún var  
svo feit !  
stóð hún svo upp  
og skeit.

Kína

Kí og Na voru  
góðir vinir  
Kí unni Na  
og Na unni Kí  
Kí og Na,  
dóttur eignast  
og hét hún Kína !  
Kína fæddist og var  
hún rosalega bein.  
eins og lína.  
Kölluð var hún þá  
Kína Lína !


Helgi Freyr Helgason



Veðrið

Það kom alltaf nótt og dagur.  
Það rigndi einn morgun  
það rigndi lengi og hætti eftir tvær vikur.  
Síðan kom nótt.  
Ekki venjuleg nótt.  
Heldur norðurljós.

Jóhann Berg



Veiki hesturinn

Maður einn á hest.  
Hann stendur út í haga.  
Hesturinn er með pest.  
Og er með stóran maga.

Karlinn hann er hissa.  
Og hleypur inn í hús.  
Hann vill hann ekki missa.  
Kannski hefur hann bara lús.

Árný Jóhannesdóttir



### Vetrarþjófurinn

Nóvember leið svo fljótt  
og þó er mér ekki rótt.  
Veturinn hefur ekki heilsað mér  
og ætlar að læðast inn þegar enginn sér.

Nú er mér orðið kalt,  
það er orðið verulega svalt.  
Hann hefur þá komist inn og ég finn  
að kuldinn nýstir í vanga minn.

Nú er ég komin með hitasótt  
og vaki fram á nótt.  
Guð, viltu hjálpa mér gegnum þennan vetur,  
allaveganna eins mikið og þú getur.

Kristrún Guðmundsdóttir



Vetur

Kaldur vetur,  
allt frosið er,  
snjófjúk og hvass vindur  
sem blæs á kaldar kinnar,  
hvítur er orðin tindur.

Ásdís Halla Einarsdóttir




## Vetur

Náttúran er falleg og björt  
með öll sín blóm og öll sín börn.  
En nú er það allt horfið á brott  
því það er kominn vetur.



# Selma Soffía Guðbrandsdóttir



## Vetur, Vor, Sumar og Haust


Veturinn kom í gær,  
og kuldinn kemur nær,  
þá koma jólin,  
og fer þá sólin.

Vorið kemur í dag,  
ég kippi því í lag.  
Fuglarinr eru hér,  
að heilsa þér.

Sumarið kemur,  
og ljóðskáldið semur.  
Blóminn spretta,  
og ég klifra upp kletta.

Haustið kom í gær,  
og ég fer fjær.  
Sólin hættir að lýsa,  
nú kveður þessi vísa.

Natalía Lind Jóhannsdóttir



### Veturinn

Úti er dimmt og mér er kalt.  
Jörðin er frosin, hún er mér allt.  
Snjókornum rignir og vindarnir blása,  
stynja, andvarpa, kveljast og mása.

### Ískaldur vetur

Tréin skræla af sér laufin  
hvert af öðru.  
Svíður í ræturnar, stingast úr kulda,  
ímynda sér að vorið komi í senn.

Styrkár Þóroddsson



### Vöxtur trésins

Tréð er vaxið  
upp úr fötunum  
frá því í fyrsta bekk.  
Það er orðið stærra en öll  
trén  
í bekknum sínum.

En eftir 100 ár  
verður það sagað niður  
og haft sem jólatré  
í stofunni hjá einhverjum.